



Fundargerð

Fundur haldinn Oddeyrarskóla miðvikudaginn 26.10. 2022 kl. 13:00

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, Hjördís Vala Þórsdóttir og Pawel Wasowicz fulltrúar foreldra og Aron Ingi Elmarsson og Miruna-Amalia Cretu fulltrúar nemenda, deildarstjórnir Margrét Th. Aðalgeirsdóttir og Fjóla Kristín Helgadóttir. Fjarverandi eru: Elísa, Sunneva, Bergdís, Sesselía

Fundarritari: Margrét Aðalgeirsdóttir

Dagskrá:

- * Fulltrúar í skólaráði
- * Fundartími skólaráðs
- * Starfsáætlun skólaráðs
- * Gæðaráð og innra mat
- * Starfsáætlun Oddeyrarskóla fyrir skólaárið 2022-2023 til samþykktar.

(Enn á eftir að bæta inn s.s. fulltrúum í einhverjar nefndir og laga til starfsmannalista sem breyst hefur hratt, en það má samþykka með fyrirvara um breytingar þar um)

https://docs.google.com/document/d/17w0ScM4x_t7g2MLMm3r4QWx3mOaZHGctjXcdKlejSmc/edit?usp=sharing

1. Fulltrúar í skólaári þetta skólaár eru stjórnendur, foreldrafulltrúar eru þeir sömu og á síðasta skólaári, Sara sem var fulltrúi 10. bekkings á síðasta skólaári hættir og inn kemur Miruna fulltrúi nemenda í 9. bekk í nemendaráði, sem verður næstu tvö skólaár. Sunneva er áfram fulltrúi annars starfsfólks og Sesselía fulltrúi kennara heldur áfram en Bergdís kemur í stað Herdísar.
2. Fundartímar skólaráðs. Við munum funda 5 sinnum yfir skólaárið en við viljum funda meðan nemendur eru í skólanum en það getur verið erfitt að finna tíma sem hentar öllum. Við prófum því að fara þá leið að hafa fundina á mismunandi vikudögum og mismunandi tímum sem liggja fyrir nú þegar. Fundarboð er svo sent með viku fyrirvara og lengri tíma ef þarf að breyta fyrirætluðum tíma. Fundirnir í vetur verða:

Mánudaginn 17. október klukkan 9:30, frestað en fundað miðvikudaginn 26.10. kl. 13:00

Miðvikudag 30. nóvember klukkan 11:00-12:00

Þriðjudaginn 10. janúar 2023 klukkan 8:10-9:10

Fimmtudaginn 9. mars 2023 klukkan 13:00-14:00

Föstudaginn 5. maí 2023 klukkan 8:10 - 9:10

Anna sendir í tölvupósti

3. [Starfsáætlun skólaráðs](#) er nokkurn vegin tilbúin.



Fundargerð

4. Gæðaráð er nú skipað sex starfsmönnun en einn er í ótímabundnu leyfi. Við vinnum skv. matsáætlun en þetta skólaárið erum við að meta stjórnun skólans. Því til viðbótar er umbótaáætlun frá síðasta ári en þar koma til þeir þættir sem ekki náðu okkar viðmiðum og við viljum leggja frekari áherslu á.

Umbótaáætlun og áætlun um innra mat má finna á [heimasíðu skólans](#).

Undir skýrslur og mat á heimasíðunni má sjá niðurstöður skólapúlsins t.d. og umbótaáætlun skólans Anna fer yfir [umbótaáætlun 2022-2023](#)

Nemendaping haldið í fyrra og stefnum að því að halda aftur nemendaping í vetur

- umræðupunktur - hverju myndi maður vilja breyta
 - Framkoma nemenda og kennara
 - Spyrja nemendur meira hvernig þeir vilja hafa skólann
 - Nemendur þora ekki alltaf að segja frá - varðandi líðan og samskipti
- Erfið samskipti í upphafi skóla - gripið var inn í með aukinni gæslu og fræðslu til nemenda
- Ástandið hefur eitthvað lagast segja nemendur
- Fá hugmyndir frá nemendum og foreldrum hvernig hægt er að breyta þessu
- Rætt um að athugasemdir komu varðandi gæslu úti og brugðist var við því.
- Nemendur hafa á tilfinningunni að hér sé tekið á eineltismálum - þeir sem verða fyrir einhverju þora ekki endilega að segja frá - ekki margar tilkynningar á heimasíðunni
- Þolmörk nemenda fyrir leiðinlegri framkomu hefur aukist og þau telja þessa framkomu mögulega norm og að þetta sé eðlilegt og geri því ekkert í því.
- Líðan nemenda er ekki góð miðað við skólapúlsinn - erfitt að átta sig á því sem veldur
- Efla þarf sjálfstraust og sjálfsálit og velta fyrir sér hvað veldur vanlíðan
- Nemendur bentu á að hægt væri að kynna nemendum niðurstöður skólapúlsins
- Gera fjölmenningu einnig hærra undir höfði

5. Starfsáætlun Oddeyrarskóla fyrir skólaárið 2022-2023 til samþykktar.

(Enn á eftir að bæta inn s.s. fulltrúum í einhverjar nefndir og laga til starfsmannalista sem breyst hefur hratt, en það má samþykkja með fyrirvara um breytingar þar um)

https://docs.google.com/document/d/17w0ScM4x_t7g2MLMm3r4QWx3mOaZHGctjXcdKlejSme/edit?usp=sharing

Samþykkt með fyrirvara um að enginn geri athugasemdir innan viku frá þessum fundi.

6. Önnur mál

- a. Vala spyr hvort hægt sé að fá námskeið eins og gleðiskruddur og fleira - sjálfstraust námskeið. Hugarfrelsi.
- b. Fyrir tveimur vikum byrjaði markþjálfun hjá unglíngastigi - fer líka í tilfinningar og fleira - krökkunum finnst þetta fínt - gert til að efla sjálfstraustið
- c. ART í 6. bekk núna - 4. bekkur eftir áramótin
- d. Stundum er kannski ekki nægilega fljótt gripið inn í mál.